

Stjórnarfundur BÍS

Stjórnarfundur haldinn þriðjudaginn 9.jan frá 19:00-21:15 í Hraunbæ 123.

Boðuð á fundinn eru stjórn BÍS, áheyrnarfulltrúi ungmenna, framkvæmdastjóri, alþjóðafulltrúar.

Mætt voru: Unnur, Guðrún, Vigdís, Þórhallur, Egle, Harpa, Davíð, Ragnar, Berglind, Sævar.

Fundarstjóri: Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Dagskrá:

Kl. Fundarefni- Ábyrgð

19:05 Fundur settur.

19:05 Staða ráðanna og fjöldi í ráðum eftir þing. (Allir)

- Björk kemur og segir frá Skátaskólanum.
 - Námslýsingar og vefsíða í bígerð þar sem upplýsingar og námskeið koma m.a. fram.
 - Adult support mun bætast við skátaskólann þar sem stuðningur við fullorðna væri viðbót. Stjórn samþykkir að félagaprennuteymið færist undir starfsemi skátaskólans.
 - Óskað verður eftir 3-5 einstaklingum í skátaskólann við uppstillinganefnd.
- Unnur segir frá Starfsráði
 - Óskað verður eftir 4 einstaklingum í starfsráð við uppstillinganefnd.
- Ungmennaráð
 - Unnið er að ungmennapingi 2-4 febrúar næstkomandi og verður haldið á Sauðárkróki. Auglýst verður fljótlega eftir framboðum í ungmennaráð og áheyrnafulltrúa ungmenna sem kosin eru á ungmennapingi. Verði ekki nægur fjöldi í framboði mun uppstillinganefnd aðstoða við mönnun í ráðið
 - Óbreyttur fjöldi verður í ungmennaráði.

- Útilífsráð
 - Staðan verður óbreytt (3 einstaklingar) innan útilífsráðs.
- Alþjóðaráð
 - Óskað er verður eftir 4 einstaklingum í alþjóðaráð og fjölgar því um einn frá núverandi ráði. Auk þess starfa báðir alþjóðafulltrúar með ráðinu.

19:30 100 ára afmælisár BÍS og áherslur stjórnarstarfs 2023 (HÓV)

- Afmælisárið rætt ásamt áherslum í stjórnarstarfi –
 - Sýnileiki skátastarfs ræddur og rætt það hvernig er hægt að nálgast það verkefni með mismunandi hætti.
 - Útfærsla skátablaðsins rædd og hugsanlegar leiðir til þess útgáfu á afmælisári. Rætt verður sérstaklega við Vigdísu um ritstjórn.
 - Mikilvægustu atriði til þess að leggja áherslur á á árinu 2024 í þessu samhengi:
 - Friður – Friðar orðræða í öllu efni
 - Náttúra – Umhverfis og náttúrunefnd.
 - Sjálfboðaliðar – Stuðningur við núverandi sjálfboðaliða og nýja.
 - Seigla barna og ungmenna – Gegn einmanaleika.

20:00 Norðurlandþing 2024 - ferðatilhögun og undirbúningur (BLB)

- Berglind byrjar á því að fjalla um heimsþing og breytingar á lögum fyrir heimsþing sem verður að kjósa um. Lagt er til að kosið verði með breytingunum, sem var samþykkt af stjórn.
- Norðurlandþing – þátttakendalisti yfirfarinn. Skráning er 15.janúar.

20:20 Skátaping 2024 (HÓV, RPD)

- Vinnuáætlun við fjárhagsáætlanir rædd ásamt árskýrslu og lagabreytingar.
- Verkaskipting á milli stjórnar og skrifstofu BÍS rædd og verkefni stjórnar tilgreind.

20:50 Önnur mál

- Félagsforingjafundur á að fara fram að hausti og er ekki talin þörf á að halda fund aukalega fyrir þing.
- Staðfesting mótstjórnar drekaskátamóts.
 - Frestað þartil auglýsing ,opið útkall' er afstaðið.
- Grænir skátar auglýsing starfs
 - Kristinn, framkvæmdastjóri Grænna skáta hefur sagt starfi sínu lausu og byrjað er að huga að auglýsingu starfsins.

21:20 Fundi slitið

Viðburðir og verkefni fram undan:

Dags	Hvað	Fyrir
9.jan	Stjórnarfundur	
12-14.jan	Neisti	
23.jan	Stjórnarfundur	
2-4.feb	Gilwell	
13.feb	Stjórnarfundur	
27.feb	Stjórnarfundur	